



Kennarar

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) gudbjorg10@fsu.is

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS) gudbjorgdora@fsu.is

Stefán Hannesson (SHA) stefanhannesson@fsu.is

Puríður M. Björnsdóttir (PMB) thuridur@fsu.is

Áfangalýsing

Orðspor er grunnfangi í málfari og ritun. Í áfanganum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að nemendur vandi mál sitt og auki orðaforðann. Verkefni eru bæði skrifleg og munnleg.

Markmið áfangans

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- málfræðihugtökum og hugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta
- á margs konar málsniði

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýnni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta hjálpargögn á markvissan hátt við frágang ritsmíða og framsetningu efnis
- nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nytjatexta og fjalla um inntak þeirra

Hæfniviðmið

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í sambandi við námsefnið
- styrkja eigin málfærni
- beita skýru, lýtalaus máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- tjá afstöðu og efasemdir um efnið sem unnið er með og komast að niðurstöðu
- hafa vald á áhrifaríkri málnotkun, svo sem með stílbrögðum

Námsefni: Orðspor, hefti selt á skrifstofu skólans.

Námsmat

Verkefni	Vægi	Reglur áfangans
Málfar, próf og vinnubók	30%	Áfanginn er símatsáfangi og skyld er að skila að lágmarki 90% verkefna og prófa til að standast áfangann. Vanti þar á tekur nemandi próf í lok annar í því sem á vantar.
Heimildaritun	15%	
Ritun (kaflar 1 og 4)	20%	
Kjörbók	15%	
Tjáning	10%	
Sköpun	10%	

Vinnuáætlun - Orðspor haustönn 2021

Dags.	Viðfangsefni	Skilaverkefni og próf
18.-20. ágúst	Kynning á áfanganum. Kafli 1: Ritun	
23.-27. ágúst	Kafli 1: Ritun	Verkefni úr kafla 1
30. ág. - 3. sept.	Kafli 2: Málfar	
6.-10. sept.	Kafli 2: Málfar	Verkefni úr kafla 2
13.-17. sept.	Kafli 3: Málfar	
20.-24. sept.	Kafli 3: Málfar	Verkefni úr kafla 3
27.sept. - 1. okt.	Málfar og upprifjun	Málfarspróf
4.-8. okt. Miðannarmat	Kafli 4: Lengri ritun	
11.-15. okt. Áfangamessa Haustfrí	Kafli 4: Lengri ritun	Skilaverkefni úr kafla 4
18.-22. okt. Valdagur	Kafli 4: Lengri ritun	Verkefnahefti kafla 4
25.-29. okt.	Kjörbókarvinna	Próf/ritun/tjáning
1.-5. nóv.	Kafli 5: Heimildir	
8.-12. nóv.	Kafli 5: Heimildir	Heimildaritgerð
15.-19. nóv.	Kafli 6: Tjáning	Kynning
22.-26. nóv.	Kafli 7: Sköpun	
29. nóv. - 3. des.	Kafli 7: Sköpun	Verkefnabók úr kafla 7

Með von um góða samvinnu.

Gert með fyrirvara um breytingar

16. ágúst 2021

Íslenskukennarar